

Nr. 088 / 14 Green Freezer***Strandar á Fáskrúðsfirði***

IMO.nr. 8819304
Fánaríki: Nassau Bahamas
Smíðaður: Noregur 1991, stál
Stærð: 5.084 GT
Mesta lengd: 109 m
Breidd: 18 m Dýpt:
Vél:
Fjöldi skipverja: 17

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS



Green Freezer©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. september 2014 var frystiskipið Green Freezer að koma til hafnar á Fáskrúðsfirði. Veður: Hægviðri. Djúprista fr. 5,7 m og aft. 6,8 m. Farmur: 2.800 t og olíubirgðir u.þ.b. 550 t.



Green Freezer á strandstað©RNSA

Skipið var að koma frá Reykjavík til lestunar á frystum afurðum og var siglt á hægri ferð inn fjörðinn meðan beðið var eftir hafnsögumanni. Þegar hafnsögumaðurinn var rétt kominn um borð festist aðalvélin í afturábak með þeim afleiðingum að skipið strandaði með skutinn upp í fjörunni fyrir neðan bæinn Eyri í sunnanverðum Fáskrúðsfirði.

Ekki kom leki að skipinu og engin teljandi mengun hlaut af strandinu.

Ekki er vitað um ástæður bilunarinnar en skipið er búið skiptiskrúfubúnaði og var talið að bilun hafi orðið í honum.



Kortið sýnir feril skipsins og strandstað

Varðskipið Þór dró Green Freezer af strandstað og að bryggju á Fáskrúðsfirði en talsverðar skemmdir höfðu orðið á stýris- og skrúfubúnaði. Skipið var dregið til Gdynia í Póllandi þar sem viðgerð fór fram.

Þrátt fyrir útrekaðar tilraunir tókst RNSA ekki að fá nákvæmar upplýsingar um eðli og/eða ástæður bilunarinnar hjá útgerð.

Nefndarálit:

Orsök strandsins má rekja til bilunar í skiptiskrúfubúnaði skipsins.